

Ýtir gegn-sæi undir gægju-hneigð?

Myndlist
Lobbyists ★★★★★☆

Nýlistasafnið, Skúlagötu 28

Myndbandsverk. Ólafur Ólafsson og Libia Castro. Sýningin stendur til 2. október. Opið alla daga frá kl 12-16 nema sunnudaga.

Myndbandsverk listamannatvíeykisins Ólafs Ólafssonar og Libiu Castro *Lobbyists* sem nú er sýnt í Nýlistasafninu er mjög í anda gagnrýnninnar fjölmiðlunar samtímans og í anda tónlistarmyndbanda. Myndin er klippt við döbb-lag hljómsveitarinnar Hljóma sem einnig syngur texta myndarinnar í bland við rödd þular sem talar með leik-rænum tilþrifum í anda hefðbundinna heimildamynda. Þetta gefur myndinni aukavidd og það svipmót eða höf-undareinkenni sem þekkt eru orðin í verkum Ólafar og Libíu.

Myndbandið er launfyndið, reynir ekki að virðast hlutlaust frekar en aðrir heimildarþættir samtímans, og er merkilega lítið frábrugðið þeim þegar upp er staðið því það er innihald verksins sem er svo grípanði að formið sjálf lendir í nokkurs konar aukahlutverki. Eins og titillinn gefur til kynna fjallar verkið um



Verkið Lobbyists heldur athyglinni, söngurinn kemur ótrúlega vel út og boðskapurinn kemst ágætlega til skila.

lobbyisma í Brussel þar sem alls konar hagsmunaaðilar reyna að hafa áhrif á ákvarðanir Evrópusambandsins. Þetta geta verið launaðir menn á vegum fjölþjóðlegra matvælaframleiðenda, lyfjarisa, alþjóðlegrar hjálparstofnana eða samtaka hjólréiðamanna, allir eiga þeir sína fulltrúa í Brussel sem reyna að ota sínum tota.

Þótt það sé óumdeilanlegt að lobbyismi sé ein leið til að koma mikilvægum upplýsingum til stjórnámálamanna þá beinast margar gagnrýnisraddir að því hve lobbyism-inn sé ólýðræðislegur, ekki síst vegna þess að fundir lobbyista með ráðamönnum fara fram fyrir luktum dýrum. Í myndinni svara lobbyistar slíkri gagnrýni að gegnsæi ýti undir gægjuhneigð. Einnig hefur það verið gagnrýnt að sterkustu þrýstihóparnir hafi óeðlilega mikil áhrif, oft í krafti fjármagns, og endurspegli ekki vilja almennings og sumir þeirra beiti jafnvel vafasömum aðferðum. Sú gagnrýni marar á yfirborði mynd-

arinnar og dregur fram andstyggilegu hliðina á lobby-ismanum.

Verk Ólafs og Libíu heldur athyglinni, söngurinn kemur ótrúlega vel út og boðskapurinn kemst ágætlega til skila. Aðeins á einum stað skarast söngur og þulur þannig að hægt er að ruglast. Verkið veitir áhugaverða innsýn inn í heim sem kemur okkur Íslendingum ekkert síður við en öðrum Evrópubúum. Ólafur og Libía eru að ná betri og betri tókum á þeim miðlum sem þau vinna með en samsláttur heimildamynda og myndlistar er flókið spil sem krefst hárfínna vinnubragða því hin minnstu blæbrigði eru merkingarbær á fleiri en einu sviði og geta haft afgerandi áhrif á heildarmyndina.

Ólafur og Libía eru fulltrúar Íslands á næsta Fenyjatvíæringi og spennandi að sjá hvert framlag þeirra verður.

Þóra Þórisdóttir

Kvennaval

Myndlist
Með viljann að vopni – Endurlit 1970-1980
★★★★☆

Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir

Til 7. nóvember 2010. Opið daglega kl. 10-17. Aðgangur ókeypis. Sýningarstjóri: Hrafnhildur Schram.

Um þessar mundir má bregða sér á sýninguna „Með viljann að vopni“ á Kjarvalsstöðum og skynja þar andrúm „kvennaáratugarins“ svonefnda; tíma vakningar þegar konur risu upp og kröfðust mannréttinda og frelsis á við karl-kynið. Sýnd eru verk eftir 27 myndlistarmenn sem taka allar með einum eða öðrum hætti afstöðu í listsköpun sinni, ekki síst í jafnréttismálum en einnig til umdeilda málefna eða nýjunga í listinni. Sýningarsvæðin eru þrjú (umhverfisvernd/pólítískar skírskotanir/heimilið) og í fjórða horni salarins er söguleg áhersla; þar eru heimildamyndir sýndar í „setustofu“, m.a. um kvennafrí-daginn 1975. Þá má skoða sýnishorn af veggspjöldum, sýningarskrám, forsíðum blaða og tímarita og annarra heimilda um gróskuna sem einkenndi tímabilið.

Verkin á sýningunni eru unnin með ýmsum miðlum, í samræmi við tíðarandann, og eru flest frásagn-arkennd. Þarna eru m.a. olíu- og akrílmyndir, textíl- og grafiðverk, ljósmyndir og leirmunir. Fjölföldunar-eiginleikar grafiðkurinnar gerðu hana að kjörnum miðli til að „boðskapurinn“ næði til sem flestra, og textílverk eru mjög áberandi. Myndmál flestra vefnaðarverkanna hefur bernskt yfirbragð sem vísar til alþýðumenningar en auk þess felur vefnaður (og leir) í sér skírskotun til reynslu kvenna og handíðahefða, sem á þessum tíma fól jafnframt í sér uppreisn gegn listsögulegu (og karllægu) stigveldi þar sem litið var niður á slík tjáningarform. Andófið tengdist ekki aðeins femínískum áherslum, heldur mótaðist einnig almennt af uppreisnaranda, réttindabaráttu og breytingavilja í samtímanum. Í alþjóðlegum listheimi voru eldri miðlar teknir til endurskoðunar og nýir miðlar og tjáningarform spruttu fram,



Róska, Lifi frelsið / Viva la libertad, 1973.

eins og hugmyndalist og gjörningar – og á sýningunni sjást dæmi um slík verk.

Myndlistarkonur unnu á þessum tíma margar hverjar markvisst á grundvelli femínisma og kynferðis – sumar íslensku listkvennanna voru virkir þátttakendur í rauð-sokkahreyfingunni. Aðrar voru eins og starfsbræður þeirra í „almennri“ uppreisn gegn þjóðfélagslegum valdakerfum, mótuðum af karlmönnum – og að því leyti má tengja verk þeirra kvenfrelsisþjónarmiðum. Þannig felst t.d. femínískt inntak pólítískra áróðursveggspjalda Rósku, fyrir frelsi og byltingu, einfaldlega í því að þar hefur sjálfstæð kona upp raust sína. Róska var farin að vinna að tilraunakenndum kvikmyndum þegar á 7. áratugnum, og sýning á þeim hefði óneitanlega sett svip á salinn. Rúrí notar íslenska kven-

þjóðbúninginn á snjallan hátt til að andæfa bandarískum áhrifum, her- og gróðahyggju og hún tekur sér sleggiu, hefðbundið karlaverkfæri, í hönd til að mólva lúxusbílinn, stöðutákn karlmansins. Myndir frá þessum róttæka gjörningi (1974) eru til sýnis hjá kaffistofunni en hefðu mátt vera meira áberandi inni í sýningarsalnum – því reiðin er afl sem án efa hefur kraumað í mörgum. Ádeila á hagnýtingu náttúrunnar, neysluvæðingu og niðurrif húsa eru meðal umfjöllunarefna sýnenda. Þá gengur sýningin öðrum þræði út á að sýna áhrif nýlistarinnar á listsköpun kvenna, og þannig má sjá verk eftir Ástu Ólafsdóttur unnið undir áhrifum frá hugmyndalistinni, en tengslin við femínisma eru þar hverfandi.

Sýningin dregur fram listsköpun sem er í samræmi við áhugasvið, reynslu, daglegt umhverfi og sjónarmið kvenna. Þarna má t.d. sjá viðhorf móðurinnar til stríðsreksturs, og mótið úr eldhúsinu eða af þvottasnúrum í myndmáli verkanna. Ungu fólki kann að koma á óvart hversu mikilli kvennakúgun er lýst í sumum verkum, m.a. þeim sem snúast um fjötra hjónabands, barneigna og heimilisþrifa, ekki síst í ljósi þess að þarna er komið langt fram á 8. áratuginn. Náttúrutengd verk eru einnig áberandi á sýningunni. Ásgerður Búaðóttir „vefur sig“ inn í hið karllæga, móðerníska afstraktmálverk, og skírskotar jafnframt formrænt til kvenlíkamans og náttúrunnar líkt og Rúna sem blandar saman ofnum dúk og gróðri í gjörningatengdu rýmisverki sem í senn leiðir hugann að landslagi og sköpunarkrafti konunnar. Ásu Ólafsdóttur er umhugað um arfleifðina og sveitamenninguna í myndvafnaði af torfbæjum og túnnum og í ljósmyndaverkum sínum veltir Borghildur Óskarsdóttir fyrir sér hlutgervingu náttúru og kvenlíkamans.

„Með viljann að vopni“ miðlar tímum breytinga og uppgjörs og er yfirbragð sýningarinnar fyrst og fremst sögulegt, sem ljær henni mikið fræðslugildi. Konur voru farnar að láta meira að sér kveða á þessum árum – en því miður reynist aðeins lítill hluti verkanna vera í opinberri eigu, sem segir sitt um stöðu kvenna og áframhaldandi baráttu sem fyrir höndum er. Sýningarframtakið stuðlar að því að gera framlag kvenna sýnilegt og blása konum sem körlum byr í brjóst í jafnréttisbaráttunni. Ógöngur íslensku þjóðarinnar sýna svo ekki verður um villst að ekki veitir af að hlusta á sjónarmið kvenna.

Anna Jóa